



## STAÐFESTING Á STAÐFESTINGARSKÍRTEINI

(„Yfirlýsing“)

Félagsbústaðir hf.,  
Hallveigarstíg 1,  
101 Reykjavík  
berist framkvæmdastjóra

Reykjavík 23. apríl 2018

### Efni: Staðfesting á staðfestingarskírteini

Vísað er til veðhafasamkomulags dagsett 5. janúar 2018 („veðhafasamkomulagið“). Hugtök sem notuð eru í þessu skjali en eru ekki skilgreind sérstaklega skulu hafa þá merkingu sem þeim er gefin í veðhafasamkomulaginu.

Vísað er einnig til staðfestingarskírteinis sem gefið er út af lántaka, dagsett 18. apríl 2018 („staðfestingarskírteinið“), sem staðfestir stöðu og útreikning lánaþekju, virði og veðsetningu hinna veðsettu eigna, útistandandi veðsettar kröfur og yfirlýsingu lánveitandi um að engin vanefndatilvik séu viðvarandi.

Undirritaður hefur farið yfir staðfestingarskírteinið og þær upplýsingarnar sem veðgæsluaðila voru afhentar með staðfestingarskírteininu og, í þeim tilfellum sem veðgæsluaðili taldi þörf á, var óskað eftir frekari upplýsingum frá lántaka („sjálfstæða yfirferðin“). Að lokinni sjálfstæðu yfirferðinni, þá eru niðurstöður veðgæsluaðila eftirfarandi:

Þann 23. apríl 2018 (miðað við stöðu áhvílandi lána og veða 31. mars 2018) var lánaþekja eftirfarandi:

**36,92%.**

Sjálfstæð yfirferð á verðmæti hinna veðsettu eigna samræmist verðmatinu sem lántaki setur fram í staðfestingarskírteininu og er ekki efnislega frábrugðið því. Veðgæsluaðili vekur þó athygli á því að eftir yfirferð á veðbókarvottorðum komu í ljós nokkur atriði sem unnið er að því að laga og vísað var til í staðfestingarskírteini undirritaðs frá 25. janúar 2018.

**Fyrir hönd ADVEL lögmanns s.f. sem veðgæsluaðila**

  
ADVEL lögmann s.f.

**Sigurður V. Guðjónsson hdl.**